

Mánudaginn 15. maí 1961.

Nr. 108/1959. **Ákærvaldið** (Ragnar Jónsson hrl.)

gegn

**Jóni Frímanni Sigvaldasyni**

(Magnús Thorlacius hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Bifreiðar. Of hraður akstur.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Þá er lögreglumennirnir mældu hraðann á bíl ákærða, stóðu lögreglubifreiðarnar skáhallt, miðað við endadepla vegarkafli þess, sem mæla skyldi. Samkvæmt bréfi bæjarverkfræðings, dags. 18. nóvember 1960, varð hin raunverulega mæilengd vegna nefndrar stöðu lögreglubifreiðanna ca 518—520 m. Ók ákærði þessa vegalengd á 29.2 sekúndum samkvæmt mælingum hinna fjögurra lögreglumanna. Verður að leggja mælingu þessa, sem hefur eigi verið hnekkt, til grundvallar. Hámarkshraði bifreiða var hinn 22. október 1957 á þessum vegarkafli 25 km, miðað við klukkustund, sbr. 15. gr. samþykktar nr. 121/1938 um breytingu á 46. gr. lögreglusamþykktar fyrir Reykjavík nr. 2/1930.

Hefur ákærði gerzt brotlegur gegn þessum ákvæðum auk þeirra, sem í héraðsdómi greinir.

Samkvæmt þessu og með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann, þó svo, að greiðslufrestur sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 2500.00 til hvors.

### **Dómsorð:**

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði, Jón Frímann Sigvaldason, greiði allan áfrýj-

unarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Ragnars Jónssonar og Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmannna, kr. 2500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### **Dómur sakadóms Reykjavíkur 24. maí 1958.**

Ár 1958, laugardaginn 24. maí, var í sakadómi Reykjavíkur, sem haldinn var af Ólafi Þorlákssyni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 2600/1958: Ákærvaldið gegn Jóni Frímanni Sigvaldasyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 7/5 s.l., er höfðað gegn Jóni Frímanni Sigvaldasyni bifreiðasmið, til heimilis Laufásvegi 20, Reykjavík, fyrir of hraðan bifreiðarakstur samkvæmt 2. mgr. 26. gr. sbr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 46. gr. sbr. 96. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur nr. 2/1930.

Þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við téð lagaákvæði um kl. 1430 þriðjudaginn 22. október s.l. með því að aka bifreiðinni R 1169 suður Reykjanesbraut í Reykjavík frá Miklatorski að Litlu-Hlíð með allt að því 61.6 km hraða, miðað við klukkustund.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar og greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 8. febrúar 1929 að Prestshúsum á Kjalarnesi, hefur sætt refsingu, sem hér segir:

1957 9/8 Sátt, 250 kr. sekt fyrir ökuhraða.

Málavextir eru þeir, að hinn 22/10 1957, kl. 1430, voru fjórir lögregluþjónar að mæla hraða bifreiða, er óku um Reykjanesbraut milli Miklatorsks og Litluhlíðar, á 500 metra vegalengd. Mældu þeir með skeiðúrum hraða bifreiðarinnar R 1169, er ók áðurnefnda götu í suðurátt, og ók hún þessa vegalengd á 29.2 sekúndum samkvæmt tímaákvörðun lögreglumannanna, en það samsvarar eftir útreikningi bæjarverkfræðings 61.6 km að meðalhraða hina útmældu 500 metra vegalengd.

Ökumaður R 1169 umrætt sinn var Jón Frímann Sigvaldason, ákærði í máli þessu.

Er ákærði kom fyrir dóm, mótmælti hann þeim hraða bíls síns, R 1169, er fram kemur í lögregluskýrslu, sem of miklum, þar eð bíllinn, sem er af gerðinni Plymouth af árgangi 1941, væri ekki það kraftmikill, að uppgefinn hraði lögreglumannanna gæti staðizt. Var bíllinn síðan að tilhlutan dómsins færður til prófunar

inn í bifreiðaeftirlit ríkisins. Skoðunarmenn eftirlitsins reyndu ökuhæfi margnefndrar bifreiðar hinn 2/11 og 7/11 s.l. Samkvæmt vætti bifreiðaeftirlitsmanna verður framangreind mótbára ákærða ekki talin hafa við rök að styðjast.

Skal nú nánar vikið að hraðamælingunni. Eins og að framan getur, stóðu 4 lögreglumenn að hraðaákvörðun bifreiðarinnar R 1169, og hafa þeir allir komið fyrir dóm sem vitni.

Vitnið Sverrir Guðmundsson lögregluþjónn, er stjórnaði hraðamælingunni í umrætt sinn, hefur skýrt svo frá, að mælingunni sé þannig háttað, að útmældur sé ákveðinn vegarkafli af bæjarverkfræðingi og mörk sett sitt hvorum megin við. Lögreglubifreiðar með talstöðvum eru staðsettar sitt hvorum megin við hið útmælda vegarsvæði. Er bifreið nálgast mörkin og ástæða þykir til að mæla hraða hennar, þá gefa lögreglumenn í lögreglubifreið þeirri, er staðsett er við þann enda, er mæling hefst á, merki til hins lögreglubílsins, að mæling sé að hefjast, síðan, er bifreiðin fer út á hið útmælda svæði, er gefið ákveðið merki gegnum talstöðina, og eru þá skeiðklukkur í báðum bifreiðunum settar í gang. Vegarkaflinn er þannig, að bifreiðar sjást frá báðum enda-mörkum, er þær hefja skeiðið, þannig að ekki eru möguleikar á, að mælingamenn ruglist á bifreiðum, þar eð þeir fylgjast allan tímann með bifreiðinni. Er bifreiðin síðan hefur lokið við að aka hið útmælda skeið, þá er aftur gefið ákveðið merki gegnum talstöðina og skeiðklukkur beggja bifreiða stöðvaðar. Síðan er tími skeiðuranna borinn saman, og ef einhver mismunur er á tímanum, sem venjulega er þá ekki nema brot úr sekúndu, þá er lengri tíminn lagður til grundvallar.

Vitnið, sem staðsett var í syðri lögreglubifreiðinni í umrætt sinn, kveðst ekki hafa haft aðstöðu til að sjá einkennisstafi bifreiðar ákærða, er hraðamæling hófst, en lögreglumenn við nyrðri mörkin hafi gefið upp lýsingu bílsins og einkennisstafi.

Hin vitnin úr hópi lögreglumanna, er voru við hraðamælinguna í umrætt sinn, hafa lýst hraðamælingu bifreiða á viðlíka hátt og framangreint vitni.

Vitnið Rúdólf Axelsson var ásamt vitninu Sverri Guðmundsyni við syðri mörk vegarkafllans og stöðvaði bifreið ákærða að lokinni hraðamælingu hennar.

Vitnið Trausti Eyjólfsson lögregluþjónn hefur skýrt frá því, að þeir lögreglumenn við nyrðri mörk hins útmælda vegarkaflla sjái númeraspjöld bifreiða, er aka inn á vegarkafllann, ýmist framnúmer eða þá afturnúmerin, og sá háttur sé t. d. hafður á,

að lögreglumaður við nyrðri mörkin kallar til lögreglumanna við syðri mörkin, eftir að hafa samstillt og sett skeiðúrin á báðum bílum í gang, og gefi þá lýsingu bílsins og einkennisstafi.

Vitnið Guðmundur Sigurgeirsson lögregluþjónn hefur skýrt svo frá, að þeir lögreglumenn við nyrðri mörkin hafi jafnan séð númeraspjöld þeirra bíla, er hraðaákvarðaðir voru, ýmist fram eða afturnúmer. Kæmi það fyrir, að þeir næðu ekki að eygja númeraspjöld bifreiðar, í þann mund er mæling byrjaði, þá var ekki hraði bifreiðanna mældur, og kveður vitnið, að það hafi verið gert til að rugla ekki saman bifreiðum, er hraðamæling stóð yfir. Enn fremur kveður vitnið, að talstöðvarmenn lögreglubifreiðanna hafi jafnframt útvarpað lýsingu auk skrásetningarnúmera, svo sem gerð og lit.

Vitnið Jakobína Hermannsdóttir, er var farþegi í bifreið ákærða, kveðst hafa fylgt með akstri bifreiðarinnar R 1169, og telur vitnið hann hafa verið eðlilegan, eins og á stóð, en ekki hefur vitnið treyst sér til að áætla hraða bifreiðarinnar á þeim vegar-spotta, er hraðamælingin fór fram á.

Ákærði kveðst ekki geta sagt til um hraða bifreiðar sinnar umrætt sinn, þar eð hann fylgdist ekki með hraðamæli bifreiðarinnar, en telur, að hraði bifreiðarinnar hafi verið eðlilegur innan-bæjarhraði.

Með samhljóða lýsingu lögreglumannanna á hraðamælingunni og þar eð ekki eru talin komin fram þau rök, er véfengi þá mælingu, þá þykir sannað þrátt fyrir andmæli ákærða sjálfs og framburð vitnisins Jakobínu Hermannsdóttur, að ákærði hafi ekið alltof hratt, miðað við aðstæður umrætt sinn, en veðurfar var samkvæmt framburði vitna rigning og súld, og að sögn ákærða sjálfs hafi gengið á með slyddu, og nokkuð krapasull hafi verið á götunni. Þykir háttsemi ákærða varða við þau lagaákvæði, sem greinir í ákæruskjali og að framan eru rakin.

Ákveðst refsing ákærða 300 króna sekt til bæjarsjóðs, og komi varðhald í 3 daga í stað sektar, verði hún eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns, kr. 700.00.

#### Dómsorð:

Ákærði, Jón Frímann Sigvaldason, greiði 300 króna sekt til bæjarsjóðs, og komi varðhald í þrjá daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin máls-  
varnarlaun til skipaðs verjanda síns, hæstaréttarlögmanns  
Magnúsar Thorlacius, kr. 700.00.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

---

Mánudaginn 15. maí 1961.

Nr. 80/1961. **Ólafur Þorgrímsson**  
gegn  
**Skipaútgerð ríkisins.**

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Kærumál. Dómstólar.

### **Dómur Hæstaréttar.**

Með kæru, dags. 15. apríl 1961, sem hingað barst 26. s.  
m., hefur sóknaraðili skotið hinum kærða úrskurði til  
Hæstaréttar og krafist þess, að hann verði úr gildi felldur,  
málinu verði vísað frá sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur  
og varnaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað  
í héraði og kærumálskostnað.

Varnaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði staðfestur  
og sóknaraðilja verði dæmt að greiða honum málskostnað  
í héraði og kærumálskostnað.

Mál þetta á að visu undir bæjarþing Reykjavíkur, en þar  
sem dómara var rétt að dæma það með samdómendum og  
ákvæðum laga um sáttaumleitanir var fullnægt, verður mál-  
inu eigi vísað frá dómi, þótt dómstóllinn nefnist sjó- og  
verzlunardómur. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð.

Eftir atvikum er rétt, að kærumálskostnaður falli niður.

### **Dómsorð:**

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Kærumálskostnaður fellur niður.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 11. apríl 1961.

Mál þetta hefur Skipaútgerð ríkisins, hér í bæ, höfðað fyrir